

382. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 19. nóvember 2025 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Anton Sveinn McKee, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Sigurjón Sigurðsson, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Microsoft Teams: Daníel Jakobsson gjaldkeri, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Heimir Örn Árnason og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forseti setti fund og stýrði honum.

1. Nefnd um starfskjör forseta ÍSí

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 21. maí síðastliðinn var samþykkt að skipa í þriggja manna nefnd til að fjalla um starfskjör forseta ÍSí. Var sú samþykkt m.a. byggð á samþykkt 77. Íþróttapings ÍSí frá því fyrr í maí síðastliðinum þar sem framkvæmdastjórn ÍSí var heimilað að greiða forseta ÍSí laun.

Þau Stefán Konráðsson formaður nefndarinnar, Guðrún Inga Sívertsen og Sigurjón Pétursson voru skipuð í nefndina og voru þau mætt á fundinn til að skila af sér tillögum til framkvæmdastjórnar ÍSí.

Willum Þór Þórsson forseti ÍSí vék af fundi og tók Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti við fundarstjórninni.

Stefán fór yfir verkefni nefndarinnar og kynnti tillögur hennar.

Umræður urðu um málið og skýrðu nefndarmenn einstök efnisatriði eftir atvikum.

Var nefndinni þakkað fyrir vel unnin störf og skýra framsetningu.

Nefndin vék af fundi.

Samþykkt að skoða niðurstöður og tillögur nefndarinnar fram að næsta fundi framkvæmdastjórnar. Þórey Edda, Olga, Daníel og Sigurjón taka málið áfram til vinnslu á milli funda.

Forseti ÍSí kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

2. Málefni á milli funda

Samþykktir á milli funda:

2.01 Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 381. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí var samþykkt á milli funda og er hér formlega bókueð í fundargerð.

Til kynningar og upplýsingar:

2.02 Samantekt skrifstofu

Lögð fram.

2.03 *IOC Gender Equality, Diversity and Inclusion Champions 2025*

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri, upplýsti um tilnefningafrest ofangreindrar viðurkenningar. Skilafrestur er 15. desember nk. Skrifstofu falið að skoða betur kröfur til tilnefninga með tilnefningu frá ÍSí í huga.

2.04 *Bréf IOC vegna E-Sports Games*

Lagt fram frá IOC þar sem tilkynnt er um slit á samstarfi IOC og Ólympíunefndar Sádí-Arabíu um Olympic Esports Games. Jafnframt er tilkynnt að IOC muni áfram vinna ötullega að fyrstu Olympic Esports Games, með langtímamarkmið í huga. Fram kemur í erindinu að tilkynning þar að lútandi verði send út fljótlega.

Rætt um samstarfsvettvang ÍSí um rafíþróttir, sem á eftir að fullskipa.

2.05 *Umsögn ÍSí vegna aðalskipulags Reykjavíkur 2040 – Laugardalur*

ÍSí sendi inn umsögn vegna aðalskipulags Reykjavíkur 2040 – Laugardalur þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi breytta landnotkun í Laugardal. Sér í lagi er þeirri fyrirætlan að loka annarri aðkomuleiðinni að Laugardalsvelli andmælt.

2.06 *Erindi ÍSí vegna breytinga á tollum á keppnistækjum aksturs- og mótorhjólaíþróttar*

ÍSí sendi inn umsögn vegna fyrirhugaðs afnáms undanþágu vörugjalda vegna innflutnings á keppnistækjum í aksturs- og mótoríþróttum. AKÍS og MSÍ sendu einnig inn umsagnir sem og nokkur aksturs- og mótorhjólaíþróttafélög. Ef til kemur þá mun afnám undanþágunnar hafa veruleg neikvæð áhrif á þessar íþróttir. ÍSí hefur einnig fundað með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna málsins.

2.07 *Ósk um umsögn um 202. mál um fánatíma*

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis þar sem ÍSí er boðið að senda inn umsögn um 202. mál um fánatíma. Framkvæmdastjórn ÍSí telur ekki ástæðu til að senda inn umsögn í þessu máli.

2.08 *Ósk um umsögn um 232. mál – Grunnskólar (símar og snjalltæki)*

Lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis þar sem ÍSí er boðið að senda inn umsögn um 232. Mál – Grunnskólar (símar og snjalltæki). Skrifstofu falið að senda inn umsögn

2.09 *Barnaþing 2025*

Barnaþing 2025 fer fram 21. nóvember nk. Þórarinn Alvar Þórarinsson sérfræðingur á Fræðslu- og þróunarsviði verður fulltrúi ÍSí á þinginu.

2.10 *Þakkarbréf UMFÍ í kjölfar ársþings*

Lagt fram bréf frá UMFÍ þar sem fram koma þakkir Sambandsþings UMFÍ 2025 til framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSí fyrir gott samstarf á árinu og þá sérstakar þakkir fyrir samstarfsverkefni ÍSí, UMFÍ og ÍF; Allir með: farsælt samfélag fyrir öll, brúum bilið. Þá fylgir einnig hvatning frá þinginu til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum, samhljóða samþykkti sem 77. Íþróttarþing ÍSí samþykkti í vor.

2.11 *Erindi Foreldrasamtaka gegn áfengisauðglýsingum – Afrit*

Lagt fram afrit af ábendingu Foreldrasamtaka gegn áfengisauðglýsingum til lögreglunnar, vegna meintrar ólöglegar áfengissölu og ólöglegum áfengisauðglýsingum íþróttafélags.

2.12 *Fundargerð Heiðursráðs ÍSÍ frá 27. október sl.*

Lögð fram til upplýsingar.

2.13 *Fundargerðir frá 341. fundi Afrekssjóðs ÍSÍ*

Lögð fram til upplýsingar.

2.14 *Fundargerðir frá 342. fundi Afrekssjóðs ÍSÍ*

Lögð fram til upplýsingar.

2.15 *Skattar og styrkir – staða mála*

Forseti fór yfir stöðu mála.

3. **Fjármál**

Til kynningar og upplýsingar:

3.01 *Minnisblað framkvæmdastjóra varðandi aukaarðgreiðslu frá Íslenskri getsþá*

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra ÍSÍ vegna aukaarðgreiðslu Íslenskrar getsþár til eignaraðila, vegna góðs rekstrarárangurs á árinu. Samkvæmt samþykkt 77. Íþróttapings ÍSÍ er arðgreiðslunni skipt með ákveðnum hætti, þ.e. 75% verður greitt til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó og 25% verður greitt í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ. Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með aukaarðgreiðsluna sem mun skipta sambandsaðila gríðarlega miklu máli.

3.02 *Minnisblað fjármálaráðs ÍSÍ*

Lagt fram minnisblað frá fjármálaráði ÍSÍ í tengslum við endurskoðun á Leiðbeiningum ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar. Í skoðun er hjá fjármálaráði ÍSÍ hvort ástæða sé til að samræma kröfur ÍSÍ um endurskoðun ársreikninga íþróttafélaga, íþróttahéraða og sérsambanda þeim kröfum sem gerðar eru í lögum um ársreikninga.

4. **Afreksmálefni**

Til afgreiðslu:

4.01 *Minnisblað stjórnar Afreksmiðstöðvar Íslands (AMÍ) um nýtingu fjármagns ársins 2025*

Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti og formaður AMÍ skýrði minnisblað stjórnar AMÍ þar sem fram kemur tillaga um nýtingu á fjármagni sem út af stendur frá árinu 2025 og rökstuðningur þar að lútandi.

Samþykkt að fjármagnið skiptist á eftirfarandi máta:

- 15 milljónir króna bætast við Afrekssjóð ÍSÍ og verður deilt út til sérsambanda ÍSÍ.
- 5 milljónir króna fara í starfslaun afreksíþróttafólks og afrekspjálfa.
- 33.590.000 kr. fara inn í starfsemi Afreksmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2026 og stuðning við afreksíþróttafólk.

4.02 *Tillaga stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ varðandi starfslaun afreksíþróttafólks*

Olga Bjarnadóttir vék af fundi.

Pórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti og formaður Afrekssjóðs ÍSÍ lagði fram og skýrði tillögu stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ um starfslaun til afreksíþróttafólks. Tillagan byggir á úthlutunarreglum sem framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti 15. október sl.

Fjöldi starfslaunaþega er 32 einstaklingar og þrenn pör. Hæstu starfslaunin til einstaklings er kr. 560.000,- á mánuði. Heildarkostnaður starfslauna að þessu sinni er kr. 106.950.000,-.

Flestum styrkjum er úthlutað til 12 mánaða. Mögulegum Ólympíuförum 2026 er úthlutað fram yfir leika. Starfslaunin verða greidd út sem verktakalaun og mun starfslaunaþegum verða boðið upp á fjármálaráðgjöf.

Tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um starfslaunaþega samþykkt.

Unnið verður að því að kynna niðurstöðuna vel út á við þegar búið verður að tilkynna öllum starfslaunaþegum um málið.

Olga Bjarnadóttir kom inn á fundinn aftur.

4.03 Tillaga að breytingu á Úthlutunarreglum ÍSÍ um kostnaðarpáttöku ungmenna í landsliðsstarfi.

Olga Bjarnadóttir skýrði tillögu AMÍ að viðbót við 1. grein ofangreindrar reglugerðar.

Samþykkt að 1. greinin verði svohljóðandi:

„Með ungmönnum í reglum þessum er átt við alla sem keppa í ungmennaflokkum óháð aldri, en ekki þá sem keppa í fullorðinsflokkum. Þó eru ungmenni undir 18 ára alltaf skilgreind sem ungmenni, óháð því hvort þau keppi í ungmennaflokkum eða fullorðinsflokki.“

Forseti þakkaði Afreksmiðstöð Íslands, Afrekssjóði ÍSÍ og starfsfólki miðstöðvarinnar fyrir þeirra gríðarlega miklu og góðu vinnu á undanförunum vikum og mánuðum við afrekstengd málefni. Fundarmenn tóku undir orð forseta.

Til kynningar og upplýsingar:

4.04 Vetrarólympíuleikarnir í Milánó Cortína – staða mála

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu mála í undirbúningi fyrir Vetrarólympíuleikana í Milánó Cortína.

Hvorki forseti né mennta- og barnamálaráðherra munu sækja leikana.

Jakobína Valdís Jakobsdóttir, Ólympíufari frá Vetrarólympíuleikunum í Cortína 1956, hyggst sækja leikana og hefur ÍSÍ verið henni innan handar við skipulagningu ferðarinnar.

5. Stefnumótun

Kári Mímisson skýrði frá undirbúningi og fyrirkomulagi stefnumótunarvinnu sem framkvæmd verður á Formannafundi ÍSÍ föstudaginn 21. nóvember nk. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir frá ráðgjafafyrirtækinu Expectus mun annast þá framkvæmd.

Stefnumótunin sem verður unnin með íþróttahreyfingunni næstu tvö árin er samvinnuverkefni ÍSÍ og UMFÍ, með áætlaðri aðkomu frá ráðuneyti og Ólympíusamhjálpinni í einhverri mynd.

6. Íþróttamaður ársins

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sínum með forsvarsmönnum Samtaka íþróttafréttamanna (SÍ). Á fundinum var samþykkt að fara í markvisst samtal um framtíð viðburðarins í aðdraganda aðalfundar SÍ í vor og er áætlað að skipa starfshóp um þá vinnu.

7. Til afgreiðslu:

7.01 Fundargerð Verkefnasjóðs ÍSÍ frá 3. nóvember 2025

Ofangreind fundargerð tekin fyrir. Tillaga sjóðsstjórnar um eina styrkveitingu, sbr. fundargerð, samþykkt.

7.02 Fundargerð Heiðursráðs ÍSÍ frá 10. nóvember sl.

Ofangreind fundargerð tekin fyrir. Tillaga Heiðursráðs ÍSÍ að útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ á hófi Íþróttamanns ársins 3. janúar nk., sbr. fundargerð, samþykkt samhljóða.

7.03 Fundargerð laganefndar ÍSÍ frá 11. nóvember 2025 og minnisblað - Afgreiða þarf tillögur um afgreiðslu mála.

Ofangreind fundargerð tekin fyrir. Allar tillögur laganefndar ÍSÍ um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, samþykktar.

7.04 Stefna ÍSÍ um verndun og velferð íþróttahreyfingarinnar

Lögð fram lokadrög að Stefnu ÍSÍ um verndun og velferð íþróttahreyfingarinnar.

Drög að stefnunni voru lögð fyrir á 77. Íþróttapingi ÍSÍ í vor og var þar samþykkt að vinna áfram að stefnunni og leggja hana svo fyrir Formannafund ÍSÍ 2025 til samþykktar.

Lokadrög voru send til sambandaðila til umsagnar og er skjalið nú fullunnið af hálfu þeirra sem sáu um þá vinnu af hálfu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og starfsfólks ÍSÍ.

Framlögð Stefna ÍSÍ um verndun og velferð í íþróttahreyfingunni samþykkt.

Stefnan verður kynnt á Formannafundi í vikunni og lögð þar fram til afgreiðslu. Ef samþykkt þar, þá hefst vinna við innleiðingu og framkvæmd.

8. Formannafundur ÍSÍ

Farið yfir dagskrá og fyrirkomulag Formannafundar ÍSÍ. Fjögur mál verða kynnt og tekin fyrir undir dagskrárliðnum *Mál sem framkvæmdastjórn leggur fyrir formannafund hverju sinni*:

- Staða vinnuhópa og samþykktar Íþróttapings.
- Stefna um verndun og velferð – til samþykktar.
- Svæðisstöðvar íþróttahéraða.
- Stefnumótun íþróttahreyfingarinnar.

9. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

10. Næstu fundir

Næstu þrír fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða 12. desember, 21. janúar og 25. febrúar nk.

11. Önnur mál

Íþróttældhugi ársins 2025

Búið er að auglýsa eftir tilnefningum til Íþróttaeldhuga ársins 2025. Íslensk getsþá er samstarfsaðili ÍSÍ um verkefnið.

Samþykkt að eftirtaldir aðilar sitji í valnefnd um Íþróttaeldhuga ársins:

Pórey Edda Elísdóttir formaður, Einar Ólafsson, Dagur Sigurðsson, Kristín Rós Hákonardóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari